
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Hæstaréttarlögmaður
Reykjavík
1971

Fréttatilkynning
um meint kynferðisbrot, kvóta og byggð í Grímsey

Þann 15. og 22. janúar 2015, birti Vikublaðið Akureyri, tvær forsíðufréttir um umbjóðanda minn sem er útgerðarmaður í Grímsey, þar sem honum er meðal annars gefið að sök að hafa misnotað 14 ára unglingsstúlku kynferðislega. Í fréttum Vikublaðsins Akureyri er umbjóðandi minn meðal annars kallaður „gerandinn“ og „brotamaðurinn“ og fyllt að hann eigi ekki afturkvæmt til Grímseyjar. Enginn fyrirvari er gerður við það í fréttum Vikublaðsins Akureyri að umbjóðandi minn hefur hvorki verið ákærður né dæmdur fyrir kynferðisbrot heldur er fullyrt að sakamálið sem um ræðir hafi verið dómtekið. Það er rangt en áður en sakamál er tekið til dóms þarf að gefa út ákæru og málið að hljóta dómsmeðferð.


Umbjóðandinn hefur gefið eina skýrslu hjá lögreglu vegna málsins. Þar neitaði hann alfarið sök. Í frétt Vikublaðsins Akureyri er þess í engu getið enda sá blaðið ekki ástæðu til þess að leita eftir afstöðu umbjóðanda míns til þessara alvarlegu ásakana. Það er vond blaðamennska og í andstöðu við starfsreglur flestra fjölmiðla. Afleiðing er sú að umræddar fréttir Vikublaðsins eru uppfullar af rangfærslum.

Í Vikublaðinu Akureyri er síðan reynt með farsakenndum hætti að gera umbjóðanda minn ábyrgan fyrir því að „Byggð sé að blæða út í Grímsey“ eins og blaðið kallar það, en þar er því haldið fram að hið meinta kynferðisbrot hafi leitt til þess að umbjóðandi minn eigi ekki afturkvæmt til Grímseyjar og því muni hann selja kvóta sem er í eigu fyrirtækisins í hans eigu og fleiri burtu úr eygni. Þessar ævintýralegu rangfærslur hafa síðan aðrir fjölmiðlar, s.s. Vísir.is, Mbl.is og DV.is, étið gagnrýnislaust upp án þess að hafa einu sinni rætt við umbjóðanda minn eða meðeigendur hans í fyrirtækinu sem á kvótann.

Í gær, 26. janúar 2015, birtist síðan grein í Kvennablaðinu eftir meintan brotapolu þar sem hún heldur því fram að umbj. minn hafi hafi nauðgað henni þegar hún var 14 ára gömul. Þessar nýju upplýsingar segja margt ef ekki allt um trúverðugleika meints brotapola, en málið var kært til lögreglu, rannsakað og sent til ríkissaksóknara til ákvörðunar, án þess að brotapolu upplýsti um hina meintu nauðgun. Þessi síðari tíma málatilbúnaður brotapola dæmir sig því sjálfur.

Að gefnu tilefni er síðan rétt að minna á að það er hlutverk dómstóla að kveða upp dóma í sakamálum ekki fjölmiðla.

Reykjavík, 27. janúar 2015,



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.